

Félags- og tryggingamálanefnd,
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 16.03 2009

Efni: **Athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar með síðari breytingum**


- 1. gr.:**
Sjá lið nr. 3.
- 7. gr. b.:**
Ég velti því fyrir mér hvort einnig eigi að bæta við í upptalningu í 4.mgr. 9. gr. laganna, t.d. „sjúkrasjóðir stéttarfélag, Starfsendurhæfingarsjóður“
- 11. gr.:**
Samkvæmt reglum Fjármálaráðherra nr. 1211/2008 um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2009 (1. mgr.) ber launamanni hjá eigin einkahlutafélagi eða hlutafélagi að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda enda hafi hann þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Í ljósi þess þá finnst mér ekki eðlilegt að líta á hann sem venjulegan launamann og hefði talið eðlilegra að farið væri með útreikning bótaréttar hans á sama hátt og lagt er til með útreikning bótaréttar annarra sjálfstætt starfandi sem einnig falla undir sömu reglugerð Fjármálaráðherra sem nota á við útreikning bótahlutfalls.
- 12. gr.:**
12. gr. virðist mér óþörf þar sem 1. mgr. 23. gr. laganna er alveg skýr að því leiti að bótaréttur geymist í 24 mánuði ef viðkomandi hverfur af vinnumarkaði og skiptir engu máli hver ástæða þess er. Sá sem er í ólaunuðu leyfi er ekki að skapa sér neinn bótarétt á þeim tíma, og enda þótt hann teljist kannski ekki í bókstaflegum skilningi horfinn af vinnumarkaði þá hlýtur bótaútreikningur að vera gerður m.t.t. geyms bótaréttar (sbr. 3. mgr. 23. gr.) og þá er 23. gr. alveg nógu skýr að mínu mati.
- 14. gr.:**
Að mínu mati er greinin óþörf, sbr. lið nr. 4.

6. 19. gr.:

Þegar verið er að meta hvort námsmaður teljist á vinnumarkaði, og geti tekið vinnu ef hún býðst, er mikilvægt að skoða stundaskrá og er því í flestum tilfellum farið fram á að hún sé lögð fram og legg ég því til að við 3. mgr. í 52. gr. laganna bætist við „og stundaskrá“.

7. Þótt það sé ekki viðfangsefni í þessum breytingartillögum tel ég að nota ætti þetta tækifæri til að taka til alvarlegrar athugunar hvernig bótaréttur er reiknaður samkv. 1. mgr. 15. gr. laganna en ég sé enga stoð í þeirri málsgrein fyrir þeirri reiknireglu sem notuð er við framkvæmd laganna. Í framkvæmd fær umsækjandi sem hefur unnið í 3 mánuði í 100% starfi sama bótarétt og sá sem hefur aðeins verið að vinna í 25% starfi í 3 mánuði og á sama hátt sá sem hefur unnið í 6 mánuði í 100% starfi fær sama bótarétt og sá sem aðeins hefur unnið í 6 mánuði í 50% starfi. Ef þetta er meiningin löggjafans, hversu undarlegt sem það kann að sýnast, þá finnst mér að það ætti þá a.m.k. að standa skýrt í lögnum hvernig þetta eigi að reikna.

Virðingarfyllst,



Árni Leósson, VR